

Árneshreppur
Hlynur Torfi Torfason
Norðurfirði
524 Árneshreppi

Garðabær, 3. mars 2025
202501-0153/S.V.
08.02

Efni: Umsögn - Breyting á deiliskipulagi Dranga - Árneshreppur

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Árneshrepps er barst 28.1.2025 þar sem óskað er umsagnar Náttúruverndarstofnunar um tillögu að breytingu á deiliskipulagi innan friðlýsta svæðisins Dranga í Árneshreppi.

Í greinargerð kemur fram að ekki sé um að ræða fjölgun lóða skv. gildandi deiliskipulagi en lagt er til byggingarlóðir stækki úr 440m² í 1.500m², að fimm lóðir verði færðar til skv. ósk landeigenda auk heimildar til byggingar smáhýsa á lóðum. Því samfara breytist lega vatnslagna og vatnslagnir fyrir þau frístundahús sem munu liggja vestan Húsár. Gert er ráð fyrir sjö rótþróm í heild í frístundabyggðinni.

Náttúruverndarstofnun hefur farið yfir framangreinda breytingatillögu og gerir ekki athugasemdir við hana þar sem hún er innan viðmiða, enda verði sérkennum og verndargildi svæðisins ekki raskað og gert ráð fyrir að byggingar falli vel að svipmóti lands sbr. 8. gr. auglýsingar nr. 1426 um óbyggt víðerni Dranga á Ströndum.

Virðingarfyllt,

Sigrún Valgarðsdóttir
sérfræðingur
Axel Benediktsson
sérfræðingur